

West Seafood ehf.  
[REDACTED]

Hafnarbakka 5  
425 Flateyri

**Tegund skoðunar:** Takmörkuð úttekt 12.2.2019

**Staðsetning skoðunar:** Hafnarbakka 5

**Deild:**

**Eftirlitsmaður:** [REDACTED]

**Pátttakendur í eftirlitsheimsókn:**  
[REDACTED]  
[REDACTED]  
[REDACTED]

**Upplýsingar tengdar heimsókn:**

Fór í skoðun í West Seafood ehf á Flateyri og skoðaði Baader 413 hausara og Baader 51 roðflettivél.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirbætur um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]**

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirbætur beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

**Kynning**

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Öryggi**

Lýsing &amp; mat á aðstæðum:

Öryggisrofi fyrir grind, yfir færibaldi, framan á Baader 51 roðflettivél virkaði ekki. Vélin gekk þó grindinni væri lýft í lóðréttu stöðu.

Fyrirmæli

Notkun vélarinnar er bönnuð, þar til útsláttarrofi fyrir grind yfir færibaldi framan á vélinni er orðinn virkur.

Lög &amp; reglur:

367/2006, I. Viðauki 2.4. og 2.8.: Reglugerð um notkun tækja

Máli lokið: Úrbætur framkvæmdar

**Athugasemd 2 - Öryggi**

Lýsing &amp; mat á aðstæðum:

Neyðarstöðvunarbúnaður á Baader 413 Hausara fyrir framan skurðarhníf virkar ekki. Útleiðsla á rafmagni er til staðar í vélinni. Rafvirki frá Pólnum á Ísafirði er mættur á svæðið og byrjaður að kanna bilun í vélinni. Lítur út fyrir að mótór sé orsakavaldur í biluninni sem hefur áhrif á að neyðarbúnaðurinn virkar ekki.

Fyrirmæli

Laga skal Baader 413 hausunarvél svo neyðarstöðvunarbúnaður vélarinnar virki eins og ætlast er til af honum.

Lög &amp; reglur:

367/2006, I. Viðauki 2.4. og 2.8.: Reglugerð um notkun tækja

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

12.02.2019 [REDACTED]

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

#### **Andmælaréttur**

Samkvæmt 13. gr. stjórnáskýrslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er hönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyriræli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

#### **Áfrýjun úrskurða**

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.